




Lífgeislur

TÍMARIT UM LÍFSAMBÖND VIÐ AÐRAR STJÖRNUR

33. TBL. 7. ÁRG. ÁGÚST 1981



Hvað ætti fremur að geta fyllt allar þjóðir einum áhuga, en að setja sér það mark, að hverfa af helvegi og á leið sigrandi, ávallt batnandi lífs.


Helgi Pjeturss

Svelgurinn

(Sjá forsiðumynd)

Á þessari öld hafa orðið örar framfarir í stjörnuskoðun. Betri og fullkomnari tæki en áður þekktust, hafa komið til sögunnar, og menn hafa lært af reynslunni hvernig unnt er að skilja og meta á sem réttastan hátt, hin ýmsu fyrirbæri, sem í ljós komu í ríki himnanna, með bættri tækni.

Það er t. d. ekki fyrr en um og eftir 1920, sem vitað varð með fullri vissu og almennt viðurkennt af stjörnufræðingum að ýmsar af hinum hvítu þokum sem sáust í bestu sjónaukum þeirra tíma, væru víðáttumiklar stjörnueyjar, eða vetrarbrautir er lægju víðsfjarri úti í geimnum, langt utan við það stjörnuhvel sem við eigum heima í.



Árið 1845 uppgötvaði Rosse lávarður (1800—1867), að hvíta þokan Messier 51 (NGC-5194) hafði ákveðna gormlaga lögun. Þetta var í fyrsta sinn, sem geimþoka með þessari lögun var uppgötvuð. Þessi þoka er í stjörnumerkinu Veidihundarnir (Canes Venatici, nálægt Stórabirni) og gengur nú undir nafninu Svelgurinn (Whirlpool).

(*Frb. á bls. 104.*)

Erindi og greinar

AF HVERJU ANDAHEIMUR?

Peir sem vilja vita sannleikann um tilvist huldumanna og framlífið, verða að vera sjálfum sér samkvæmir og hefja athugun á föstum grunni. Síðan koma með ályktanir út frá þeirri niðurstöðu, sem fengin er og bera hana saman við það sem vitað er. Á annan hátt næst sannleikurinn ekki fram. Í upphafi verður alltaf að gera ráð fyrir, að ekki sé allt sem sýnist.

Það er mikill hluti af mannkyni jarðar, sem álitur að dularfull fyrirbæri, svo sem huldufólk og framlifendur eigi heimkynni sín í andaheimi. Þetta er eðlileg þróun þegar ekki er vísindalega að farið. Þá er aðeins horft á það sem ber fyrir augu ófreskra manna án þess að reyna, eða hafa getu til, að kryfja það nánar til mergjar. Það er reynt að rökstyðja þessa kenningu með tilgátunni, að til sé fjórða vídd. Einhver heimur, sem er í okkar heimi en ósýnilegur öllum nema þeim, sem hafa ófreskisgáfur. Að leyfa sér það frjálsræði, við rannsókn, að ætla sér nýja vídd, sem engin vísindaleg fótfesta er fyrir, til að sanna einhverja kenningu, er með öllu óvísindalegt.

Það skal athugast með samanburðartilraunum hvort þessi kenning stenst. Fyrst má athuga hvað sjáandi maður sér þegar hann í sambandsástandi fylgist með hulduheimum. Hann byrjar á því að festa augun við eitthvað sérstakt, í þessu tilfalli kletta eða hóla, þar sem talið er vera heimkynni huldufólksins. Síðan þegar sambandinu er náð, þá umbreytist landslagið fyrir augum hans. Hann sér annað umhverfi, hús, grasi grónar grundir eða skógarsvæði, vötn og fólk sem er af holdi og blóði eins og við. Einnig sér hann ýmiskonar dýrategundir, bæði sem við þekkjum og stundum dýr, sem við höfum aldrei séð hér á jörðu. En allt umhverfið er ámóta og við eigum að venjast, að öðru leyti en því, að flestir sjá ekki þessa ábúendur á jörðinni, þar sem þeir eru ósýnilegir fyrir öllum nema sjáendum.

Þetta dularfulla fólk hefur þá eiginleika að geta gengið í gegnum

fjöll okkar mannanna, þar sem þau eru engin fyrirstaða í fjórðu víddinni. En stundum er svo einkennilegt, að andrúmsloftið í okkar heimi verður svo efnisþykkt í þessari fjórðu vídd, í augum ófreskra manna, að það umbreytist í fjall. Sjáandinn sér stundum vatn þar sem ekkert vatn er hjá okkur, þar sér hann e. t. v. huldufólk vera að fiska. En stundum sér hann grænar grundir, þar sem vatn er hjá okkur, þar er huldufólk við heyskap. Einnig getur hann séð grænar grundir í sambandssýn þar sem slíkt er hjá okkur. Fjöll þar sem fjöll eru og vatn þar sem vatn er, en sér annað fólk að störfum, huldufólk.

Er einhver rökhyggja í slíkri kenningu, að búast við að til séu verur, sem ganga í gegnum fjöll en þó verður stundum andrúmsloftið svo efnisþykkt fyrir þessar verur að þær komast ekki í gegnum það. Að mínu viti eru mótsagnirnar of margar til að þessi kenning geti verið líkleg. Ekki er óraunhæft að álíta að til sé haldbetri skýring á þessum fyrirbærum. Við skulum kanna það betur með því að bera saman hulduheima og framlífsheima.

Þegar ófreskur maður sér dáið fólk, þá sér hann útlit þess á sama hátt og hann væri að horfa á lifandi jarðarbúa, eins og hann gerir þegar hann sér huldumann Lífheimar dáu manneskjunnar eru ekki frábrugðnir heimum huldufólksins eða jarðarbúanna, eins og sjáandinn sér það. Hann sér fjöll, skóga, vötn, kletta. ár og grænar sléttur. Hann sér sól og stundum tvær sólar á lofti. Ef ófreski maðurinn sér stjörnur á himinhvolfi hjá framlífendum, þá sér hann önnur stjörnumerki, eða hann sér afstöðu beirra frá öðrum siónarhóli en við eísum að venjast frá iörðinni. Á sama hátt mun himinhvolfið hjá huldufólkinu vera, ef sambandið er fullkomið, annars getur sýnin blandast inn í umhverfið, sem sjáandinn er í.

Ef skyggni maðurinn sér hjálparmenn að störfum, við að taka á móti nýjum framlífendum á framlífsstað, þá mun hann stundum sjá móttökunefnd bera manneskju eða manneskjur á börum. Ef hann tekur vel eftir þá sér hann, á göngulagi mannanna og hvernig börurnar þrýstast niður, að þeir eru að bera eitthvað, sem þyngd er í. Hvernig getur þyngd verið í andaheimi?

Nú vil ég bera þetta saman við það, þegar sjáandinn sér í gegnum holt og hæðir, eða með öðrum orðum, það sem er að gerast í annarri sýslu eða öðru landi en hann er staddur á. Enn fellur allt í sama brunninn við athugun, hann sér atburðina með skyggni sinni á sama hátt og þegar hann sér hulduheima og framlífsheima. Hann sér þessa þrjá heima á nákvæmlega sama hátt. Þessir þrír heimur eru í augum

skyggna mannsins ekki frábrugðnir hver öðrum. Oft á tíðum þekkir hann ekki í sundur huldufólkið, framlífsfólkið, eða mannfólkið. Hvernig má það vera, ef huldufólkið og framlífsfólkið (dáið fólk) eru andaverur?

Nú skuluð þið sem lesið þessa grein athuga, af samviskusemi, hvort ófreski maðurinn sjái dulheimana á þann hátt sem að framan greinir. Draga síðan ykkar ályktanir af því. En varist að láta fyrirframskoðun skerða dómgreind ykkar og munið það, að sannleikurinn er vegurinn til lífstefnunnar.

Það er vafasöm tilgáta að telja þessar framangreindu dulnýr vera ímyndun eða hugarburð sem heilinn býr til. Fremur má ætla að þarna sé um sambandssýnir að ræða. Ef sú ályktun er rétt, þá má telja víst, að allar aðrar dulheyrnir og sýnir séu runnar frá sama stofni. En vegna mismunandi skýrra sambanda verða missýnir og misheyrnir, og stundum blandast aðrar skynjanir með, sem rugla skynjandann. Þessi ályktun er frambærileg þar sem hugsunarflutningur og tilfinningaflutningur er viðurkennt fyrirbæri af mörgum vísindamönnum. Þá má ætla, eða gera ráð fyrir að sjónflutningur eigi sér stað. Með ýtarlegum og réttum aðferðum tel ég að megi sjá að sjónflutningur á sér stað í ríkum mæli.

Hvernig er þá með álfabyggðirnar eða framlífsheimana? Finnst ykkur trúlegt að þarna sé um andaheima að ræða? Ég tel það mjög ósennilegt. Ég álykta, að þarna sé um sambandssýn að ræða til annarra stjarna. Hulduheimarnir (klettar, steinar, holt og hæðir) er aðeins orkusvæði, sem huldufólkinu hefur tekist að magna upp með hjálp frá mannfólkinu, meðvitandi eða ómeðvitandi. Ef þessi magnaði jarðvegur, sem hefur ákveðna geisla sín á milli, verður fyrir einhverjum breytingum, þá verður straumrof og afmögnun myndast. Huldufólkið kærir sig ekki um að það gerist, því þá slitnar sambandið á milli manna og huldumanna. Það virðist nauðsynlegt fyrir þá, að hafa þetta samband við okkur einhverra hluta vegna, sem ekki verður skýrt hér.

Vegna sambandsskynjunar sem þetta orkusvæði beinir sjáandanum inná, fá ófreskir menn samband við þær verur, sem við köllum huldufólk, en eru samkvæmt ofangreindu stjörnuþúar. Þetta samband sem klettarnir gefa, vegna mögnunar á orkunni, tel ég hafi svipuð áhrif og þeir kraftar, sem hlutskyggirnir menn verða varir við, þegar þeir hafa lagt hönd á einhvern hlut og geta lesið sögu hans á þann hátt. Því tel ég líklegt að þegar skyggni maðurinn horfir á þessa ákveðnu staði, sem hulduheimar nefnast, verki þessir sömu

kraftar á sjáandann sem hlutskyggni. Það er þá einungis um hlutskyggni að ræða þegar ófreskur maður er í sambandi við hulduheima.

Stundum talar sjáandinn við sjálfan sig þegar hann er í sambandi og gerir furðulegar hreyfingar. Þá er hann í óvenju sterku sambandi við gerandann (draumgjafann) sem er á annarri stjörnu.

Skyggni maðurinn hefur einnig samband við framlifendur (sem eru samkvæmt þessari grein á annarri stjörnu! með orkuflutningi, sem fer margfalt hraðar en ljósið. Framlifendur vilja hafa samband við okkur. Þess vegna er okkur nauðsyn að leita sannleikans svo við tökum ekki á móti sendingum frá illum stöðum. Því röng hugsun getur skapað illt hugarfar sem stillir hann og getur stillt aðra inn á ill sambönd.

Að lokum þetta: Verið minnug þess, að forfeður okkar álitu sólina ganga umhverfis jörðina, vegna þess að það sýndist svo. Máltækið segir, ekki er allt sem sýnist. Þannig tel ég vera með hulduheima og lífheima framlifenda. Fólk heldur þetta vera andaheima, en ég tel víst að við nánari athugun muni koma í ljós, að þarna sé um menn á öðrum stjörnum að ræða.

Hér er aðeins stiklað á stóru, en ég vona samt að þessi grein vekji fólk til umhugsunar.

*Þorbjörn Ásgeirsson,
Oddeyrargötu 10, Akureyri.*

M Y R —

Úr ljóðabók Gunnars Dal: „Kastið ekki steinum“.

Í skóla myrkursins munt þú læra að elska ljósið.

Allt sem maðurinn gefur heiminum/mun heimurinn gefa honum.

Þú uppskerð allt sem andi þinn sáir.

Hinn sanni vilji þinn er vilji lífsins.

Hin bestu verk eru alltaf unnin af fáum sterkum höndum.

Sá einn er ríkur sem mikið hefur gefið.

ÁHRIFIN AÐ UTAN

Eins og geislar sólar brjóta sér braut til jarðar okkar (þessa 150 millj. km leið) og eru ein af forsendum fyrir viðhaldi alls lífs á jörðinni, eins streyma hingað án afláts lífgandi geislar frá öflugum lífstöðvum annarsstaðar í geimi. Án þeirrar tilsendu geislunar væri hér ekki um líf að ræða.

Þetta er undirstöðuskilningur, og vanti hann verður stöðnun í sannri framsókn vísinda og í raunverulegum framförum jarðarbúa.

Vegna skorts á þessum frumskilningi, er mannkynið nú á rangri leið.

Vísindamenn eru þeir, sem mest áhrif hafa á skoðanamyndun almennings, og þar með á framvinduna í heild. En meðan þeir vita ekki af *ábrifunum að utan* eru þeir ekki í stakk búnir til að veita mannkyninu þá forystu, sem þeir annars væru kjörnir til.

Til vísindamanna er lítið með von um betri tíð, en á meðan þeir vita ekki og vilja ekki vita um tilvist aðsendrar lífgeislunarorku, eru þeir ekki því hlutverki vaxnir, að vera leiðandi afl í vandamálum heimsins, svo sem ætti að vera.

Þó eru nú þegar á lofti merki um betri tíma, þrátt fyrir allt. Nokkrir vísindamenn ýmissa fræðigreina, um víða veröld, hafa að nokkru látið sér skiljast *ábrifin að utan*. Þetta eru fyrirburðafræðingar (parapsykologists) þeir, sem hafa snúið sér frá ýmsum stöðnum fyrirframsannfæringum um lífið og tilveruna, og hafa nú tekið til við rannsóknir ýmissa fyrirbæra, sem rekja má beint til *ábrifanna að utan*. Hafa þeir á fáum árum komist að ýmsum markverðum niðurstöðum, sem í framtíðinni munu hafa gagnger áhrif á hugsunarhátt og heimsskoðun jarðarbúa, svo fremi, að hin rétta skilningsundirstaða verði ávallt höfð að leiðarljósi. Og er þá skammt til þess að *ábrifin að utan* (lífgeislunaráhrifin frá æðri lífstöðvum annarsstaðar í geimi) fari að geta komið sér við, svo að duga muni, til að breyta hér um stefnu.

Hér þarf að skapa betri skilyrði til móttöku hinnar aðsendu lífgeislunar. Hér þurfa margir að leggja hönd á plóginn.

Til að beisla sólarorku beint og hagnýta hana þarf hugvit vísindamanna og viðeigandi móttökutækni sem byggist á þekkingunni á eðli sólarorkunnar.

Til að geta bætt móttökuskilyrðin fyrir aðsendum lífgeislunar-áhrifum þarf einnig þekkingu á eðli þeirrar geislunar, og hvernig til skuli haga, svo að sem bestur árangur náist, í að bæta hag einstaklinga og mannkyns alls.

Tel ég ekki vafa á, að náist sú samstaða sem svo nauðsynleg er og sem til er stefnt í þessum málum, mun mannkynið eiga í vændum bjartari framtíð, en til þessa hefur verið hægt að gera sér vonir um.

Ingvar Agnarsson (Mbl. 5/7 1979).

SAMBAND VIÐ HELGA PJETURSS

Þann 30. des. s. l. klukkan 8 að morgni finn ég áhrif frá Helga Pjeturss og mér finnst ég svífa upp í stöð Njálssinna á Álfrólsvogi. Þar er enginn maður inni. En allt í einu opnast dyrnar og Helgi Pjeturss kemur inn í bláum kyrtli og með rauðan borða um axlir. Hann lyftir höndum, eins og til blessunar, og er umvafinn geisla-böndum. Hann segir: „Heilir og sælir vinir mínir allir. Ég er hér kominn í jarðsamband til ykkar í þeim tilgangi að lýsa upp slitna þræði og misskilning í jarðsambandinu. Þið verðið að sameina ykkur með kærleika og bræðrahug.“ Með Helga var margt fólk, það sem hann kallar liðið sitt. Þar á meðal var ein kona sem sagðist heita Herdís Skúladóttir, ung og glæsileg kona. Helgi bað um að gert yrði málverk af þessari sýn minni.

Laugardaginn 17. jan. 1981, um kl. 3 síðdegis, var ég á leið upp á Njálsgötu 40 í Reykjavík, til þess að taka þar á móti sjúkl-ingum. Þegar ég er rétt komin að húsinu sýnist mér yfir því allmikil sólarbirta. Ég segi við fylgdarmann minn: „Jæja, skyldum við fá sólskin í dag?“ En um leið sé ég að þetta getur ekki verið, því loft var alskýjað og dumbungsveður. Ég tók þetta því sem fyrirboða þess sem í þessu húsi ætti að fara að gera.

Sigurrós Jóhannsdóttir.

BARBARELLA

Laugardaginn 9. desember 1978 var sýnd í sjónvarpinu myndin Barbarella, sem að ýmsu leyti var athyglisverð vegna þess boðskapar og þess lífsskílnings, sem hún flutti áhorfendum. Sagan á að gerast eftir 40.000 ár. Þá er líferni jarðarbúa orðið mjög fullkomlið, og tæknin á svo háu stigi, að unnt er að fara til annarra sólhverfa á örskömmum tíma, og heimsækja önnur mannkyn.

Maður einn, að nafni Durand-Durand hefur horfið af jörðunni, og yfirstjórnanda jarðar okkar og sólhverfisins alls, grunar að hann hafi farið til jarðstjörnu í öðru sólhverfi, Norðurstjörnnunnar, og muni láta þar illt af sér leiða. Vill hann koma í veg fyrir slíkt og felur ungri stúlku, Barbarellu, að leita hann uppi, og fá hann til að snúa aftur til jarðarinnar. Barbarella fer í eldflaug sinni, og lendir á réttri stjörnu. Hún kynnist þarna lífi stjarnbúa, sem á ýmsan hátt er frábrugðið lífi jarðarbúa. Ill lífsstefna er þarna ráðandi. Í *Borg næturinnar* er ástandið vest, en þar ræður lögum og lofum *hinn mikli harðstjóri*, sem er kona. Látið er í það skína, að þeir sem þarna ráða, lifi á þjáningum fjöldans, þannig að þeir sjúgi til sín líforku hinna kúguðu. Barbarella kemst að því að Durand-Durand er í þessari ógnvænlegu borg, og með hjálp engils, sem *hinn mikli harðstjóri* hafði blindað og leikið illa, tekst henni að komast þangað. Durand-Durand er hið versta illmenni. Hann unir sér þarna vel við grimmdarverk sín, og leitast við að ná völdum á þessari jarðstjörnu, en til þess þarf hann að ryðja *hinum mikla harðstjóra* úr vegi. Durand-Durand nær Barbarellu á sitt vald og reynir að tortíma henni, eins og mörgum öðrum ungum stúlkum, en vegna göfgi hennar og kærleika til allra lifir hún af pyntingarnar. Ekkert getur grandað henni. Eins er því farið með *engilinn*, á hann eru lagðar miklar þísir, en ekkert fær grandað honum.

Svo er komið málum að lokum, að algjör eyðing bíður borgarinnar, eða jafnvel hnattarins alls, vegna hatrammrar baráttu andstæðra valdhafa og á Durand-Durand mikinn þátt í þessum leiklokum, því hann ætlar sér að verða sigurvegarinn.

Að lokum bjargar engillinn Barbarellu og konunni, *hinum mikla harðstjóra*, úr þessari vítisborg, sem er að farast en Durand-Durand ferst á hryllilegan hátt, og látið er í það skína að allir hinir kúguðu og kvöldu, í þessari borg, muni bjargast og heimta frelsi sitt, eftir fall hinna illu harðstjóra.

Engillinn flýgur á brott með Barbarellu og konuna illu, *hinn mikla harðstjóra*, og Barbarella spyr: „Hvers vegna bjargar þú líka konunni, sem hefur gert þér svo illt?“ Og engillinn svarar: „Ég er kærleikurinn, og ég gleymi öllum mótgerðum.“

II.

Mynd þessi vekur til umhugsunar um lífið og tilveruna og um þau örlög er illir menn skapa sér, með líferni sínu og framkomu við aðra og á hinn veginn hverju fórnfýsi og kærleikur fá áorkað.

Er allmerkilegt umhugsunarefni, að lífsskoðun sú er fram kemur í kvikmyndinni, nálgast á ýmsan hátt þann heimsskilning og þá líffernisfræði sem Helgi Pjeturss boðaði í Nýalsbókum sínum. Í myndinni er flutningur milli stjarna og sólhverfa látinn fara fram með eldflaugum. En í raunveruleikanum munu ferðalög milli sólhverfa fara fram á lífgeislaleiðum á þann hátt, er hamfarir geta kallast. Og líkt er að segja um brottför manns, við andlát sitt hér á jörðu, að þá kemur hann fram á aflsvæði framlífsnattar, þar sem lífið er skyldast innræti og líferni hins látna.

Þegar illmenni deyja hér á jörð og flytjast til framlífsheimkynna, eru líkur á að þeir lendi á jörðum, þar sem illmenni eru fyrir. Eru til margar framlífsfrásagnir miðla og ófreskra manna, er lýsa þeim ógnum er slíkir menn verða að þola. Einnig eru til frásagnir af miklum grimmdarseggjum og harðstjórum hér á jörð, er gerst hafa drottningar yfir öðum mönnum í víti annara hnatta, eftir að þangað kom, líkt og var með þennan Durand-Durand í kvikmyndinni.

En sjaldan mun það veldi þeirra endast mjög lengi, og verða allir að gjalda þess á sjálfum sér að lokum, er þeir hafa illt gert öðrum, bæði hér á jörð og eftir að flutt hefur verið til annars hnattar, því lögmál afleiðinganna, þess að njóta eða gjalda athafna sinna, mun gilda um allan alheim. „Hver er sinnar gæfu smiður,“ segir íslenskt spakmæli, og mun fátt sannara. Fátt er manni nauðsynlegra, en að minnast þessa lögmáls, og reyna að haga líferni sínu í samræmi við það.

Inguar Agnarsson.

„GRÍMUR HINN GÓÐI“

Í morgunútvarpinu er stundum þáttur með fyrirsögninni „Mér eru fornu minnin kær“, og vil ég hvorki lofa þann þátt né lasta, né heldur umsjónarmann hans, Einar frá Hermundarfelli, en þó var þar fyrir nokkru einn sá lestur, sem hvorki var útvarpinu né umsjónarmanninum til sæmdar, en það var sá, sem átti að heita kynning á Grími Thomsen, skáldi og embættismanni á 19. öld.

Að halda, að einu hinu ágætasta skáldi, og einum þeim manni, sem íslensk menning á mest að þakka, sé rétt lýst sem röktum fanti og óþokka, ber vott um grunnfærni, og breytir þar engu, þótt hægt sé að tína saman gamlar frásagnir, sem virðast Grími óhagstæðar við fyrstu sýn, — og þó einkum ef fyllt er upp með „bindiefni“ eins og því, sem stjórnandi þáttarins lagði til. Lakast var það víst hjá honum, þegar hann sagði, að aflið í skáldskap Gríms væri geðvonzku-kraftur.

Mig furðaði á því, að útvarpið skyldi heiðra þennan samsetning með því að endurútvarpa honum um kvöldið. Það hefði heldur átt að biðjast afsökunar á þessum lestri, ef það vill heita menningarstofnun.

Að skáldið Grímur hafi „haft sína galla“, ætti enginn að þurfa að láta sér koma á óvart, né heldur það, að hann mótaðist af þeim aldarhætti, sem hann óx upp við. Og ekki á það heldur að skyggja neitt á hann, að við þykjumst nú vita, að hann hafi verið „vitlausu megin í pólitík“. Fáir verða saklausir, ef út í það er farið.

Ég var að kaupa bækur í búið einhverntíma í vetur og var kominn með dálftinn stafla, en sá þá í hillu kvæði Gríms, sem mig vantaði handa öðrum. Um leið og ég benti á þá bók, sá ég hvernig hýrnaði yfir svip afgreiðslustúlkunnar. Grímur á margan hæk í horni enn, hvað sem öfundarmenn hans segja.

P. G.

TIL STJARNGÆZLUMANNS

Heill vert þú vinur, í öðru sólhverfi! Þú, sem nemur hugsun mína, svo sem áður hefur gert. Senn eru liðin árin þrjú, að þessarar jarðar tali, frá því að sá hvarf á braut frá ykkur, sem skilninginn skapaði og til þessa sambands stofnaði, sem við höfum nú okkar á milli, og að vísu stendur á veikum fótum enn, en hefur þó í sér möguleika til þess sem meira er. Hafi okkur rétt skil'zt, þá ert þú við þá sól, sem er björtust stjarna héðan að sjá — og rís jafnan lágt á suðurhimin af þessu landi séð, þann tíma árs, sem hún sést.

Þú veizt, að þjóð sú sem ég er af, byggir eyland nokkurt hrjóstrugt norðarlega á hnettinum, en kennari þinn og fyrirfari sagði okkur í sambandi, að ykkar þjóð væri allfjöldmenn og þó ekki að öllu leyti betur sett, því að hún hafði dregizt inn í ófrið þann, sem þar geisaði fyrir allmörgum árum og lenti í flokki þeirra, sem ósigur biðu, og hefur orðið þess að gjalda, og telst hún þó ekki til stórþjóða. Við þessar erfiðu aðstæður vann hann hið furðulega ágæta verk sitt, hann frumherji ykkar, en af þessum ástæðum og öðrum varð rödd hans löngum veik og fylgislítill, því þar var á margskonar bratta að sækja. Þó skapaðist dálítill hreyfing um hann undir lokin en reikul og óstyrk, og var hann bölsýnn orðinn og vondaufur. Sá ég hann í sýn veikan og skynjaði hugsanir hans. Fann ég að hann unni mjög hinum ljósu stofnum og sveið niðurlæging þeirra, dró það böll hann til dauða.

Ykkur sem á eftir komuð hefur betur lært að búa við það sem er; ekki hvað sízt þér, sem geymir í huganum það sem geyma þarf og veizt þó vel hvað á vantar og til þarf. Þú veizt um hreyfinguna á frumlífshnöttunum og bið vitið um hana öll, sem fylgdi þessu máli. Sambönd milli frumlífshnatta, með tilsjón hinna lengra komnu! Það er nýjung í yzta hring sköpunarverksins, frumlífshringnum, sem jafnvel guðir binda vonir sínar við.

Ég þekki þig ekki enn og hef ekki heyrt óm þinn, en veit þó víst að þú ert til og ert þarna, og til þín og þinna vina beini ég því sem ég veit með vissu, að ljósalda nýstirnisins fíkrar sig áfram jafnt og þétt í átt til sólhverfis þíns. Þeir segja hér og þeir segja hjá þér, þessir sem ofan á vísindahrauknum sitja, að ekkert fari hraðar en ljósið, en við vitum betur og ýmsir með okkur, og við munum hjálpast að því að koma vitneskjunni á milli. Stjarna sást hér á jörð að hausti

fyrir sex árum, þá vorum við Nýalssinnar á fundi fyrir norðan og máttum ekki vera að því að horfa til himins, en maður í Japan horfði og sá þetta, meðan jarðskugginn færðist vestureftir. Sáú menn stjörnuna einnig á Norðurlöndum hér fyrir austan, og var þetta allt í skrár fært og vandlega rannsakað eftir því, sem þeir gera hér með þeim aðferðum og vinnubrögðum, sem þeir hafa. En engum hvarflar í hug, nema okkur hér, að senda vitneskjuna áfram á undan ljósinu og engum nema *ykur* dettur í hug á þínum hnetti að taka við henni. Mánuðirnir líða og vikurnar og dagarnir, og þið eigið að horfa á stjörnumerkið, sem við köllum Álft og er eins og langt krossmark í laginu eða stélstuttur Svanur með langan framteygðan háls, það eru einar fimm stjörnur, sem eru aðalpunktarnir í þessari mynd. En fyrir aftan stélið, álíka langt frá stélstjörnunni björtu — Deneb kallast hún hér — og hún er frá krossmiðjustjörnunni, er staður hins merka nýstirnis, sem sást fyrir sex árum, og þó ívið til hægri við ás merkisins, ef hugsað er að undir svaninn sé horft. Þennan stað skulum við hér reyna að horfa á sem oftast og sem bezt næstu mánuði, með það í huga, að þið megið vita, hvers þar megi vænta.

Góði vinur úr liði Burdlíks, sem einna bezt hefur beitt þér og mest á unnið — margir eru þér vinveittir og margan h auk áttu í horni, sem þú veizt ekki af. Eins er hér: undur undra: maður, sem ég hafði aldrei heyrt getið, hringir hingað og ég rétt næ í símann og hann segir mér, að hann lítist um í gegnum draumgjafa í nálægum sólhverfum! Hann veit þetta og skilur þetta; slíkir menn eru til! — svo á minni jörð sem á þinni jörð og á fleiri jörðum. Þetta er það, sem vonina gefur um það, að tilraun okkar muni takast. Höldum því ótrauðir áfram, stillum hugann og gerum það sem gera þarf.

Jarðarbyggi.

SÝNIR OG HAMFARIR

Það var um jólaleytið á nýliðnu ári að ég tel mig hafa farið úr líkamanum í nokkur skipti, með fárra daga millibili. Skal ég nú reyna að lýsa þessu nokkru nánar.

Ég lagðist fyrir uppi í rúmi mínu. Er þá eins og hleypt sé á mig straumi. Fannst mér það byrja í fótum, fara uppeftir líkamanum og enda í höfði. Allt gerðist þetta með geysihraða og var ég um leið, að mér fannst, laus úr líkamanum og komin á ferð út í loftið. Mér fannst ég liggja lárétt og þeim mikla þyt og hraða sem ég skynjaði, get ég ekki með orðum lýst. Ekki sá ég neitt á leiðinni og þótti mér miður að njóta ekki útsýnis á þessari annars dásamlegu ferð. En nær jafnskjótt og ég hef hugsað þetta er ferðalaginu lokið og mér finnst ég vita að ég sé komin á bernskuslóðir. Ég er lögð niður í yndislega mjúkt gras og er gagntekin af slíkri undrun og vellíðan, sem ekki er unnt að lýsa. Fjórum sínum fór ég slíkar ferðir um þetta leyti. Í síðustu ferðinni er ég komin til Norðurlands og er þá kallað til mín, að ég eigi að fara inn í ákveðið hús og hjálpa þar barni. Um leið er ég komin að húsi einu, gráu og fremur hrörlegu. Inn um dyrnar fer ég — ekkert þar til fyrirstöðu. Ég þurfti ekki að opna dyrnar — fór bara í gegnum hurðirnar. Þær voru fjórar. Þá sé ég þar konu með lítinn dreng, 4—5 ára að mér fannst. Eigi sá ég andlit þeirra, en fram hjá þeim þaut ég og út úr húsinu. Þessi staður sem ég var þarna komin til, fannst mér vera ákveðið byggðarlag norðanlands, mér áður vel kunnugt, en var samt ekkert líkt því.

Tveim eða þrem dögum eftir þetta ferðalag, legg ég mig eins og ég geri svo oft ef ég hef tíma til, svona um miðjan dag. Þá kemur þetta sem ég kalla straum og ég er um leið laus og létt. Ég man svo vel að ég fór í gegnum vegginn á svefnherberginu og staðnæmdist úti á lóðinni við hús mitt. Þá sé ég svo stórkostlega sýn að hún mun aldrei gleymast: Himinn dökkblár og fagur. Ég horfi á þetta góða stund og þá eykst sýnin: Frelsarinn Jesús með uppréttar hendur og tvær dýrðlegar verur, sín til hvorrar handar honum og enn aðrar tvær fyrir aftan, einnig stórkostlegar að sjá; uppljómunin var slík, að orð fá ekki lýst. Mér finnst ég rétta fram hendur mínar í átt til frelsarans og kalla: „Hjálpaðu mér með sambandið. Þá finnst mér hann rétta hærra upp hendur sínar og sé ég þá mjög greinilega andlit hans, skínandi bjart. Þessi sýn leið svo hér yfir himinhvolfið og hvarf mér sjónum. Um leið var ég aftur komin í minn gamla skrokk.

Akranesi, 21. jan. 1981.

María Njálsdóttir.

Áhrif milli líkama. — Ekki „úr líkamanum“.

Frásögn Maríu Njálsdóttur hér að framan, er þess eðlis, að útgendur og lesendur Lífgeisla munu óska, að hægt væri að birta sem flestar slíkar. Því yrði slík reynsla, sem hér er lýst, bæði almenn og endurtekin, mætti búast við því, að hin góðu sambönd væru að ná hér réttum tókum. Á því getur enginn vafi leikið, að þarna er um að ræða samband við herra fullkonnunarstig en nokkursstaðar er enn hér á jörð.

Mig langar til að fara nokkrum orðum um einstaka þætti þessa sambands. *Strauminn*, sem er byrjunin á þessu sambandi, munu ýmsir kannast við, og hygg ég, að þar komi til greina bein lífeðlisleg tilraun hinna lengrakomnu til að gera hina sofandi konu hæfari til sambandsins. Ég hef oft fundið þennan straum, einkum fyrr á árum, og varð hann stundum upphafið að hinum beztu draumum. En stundum náði það ekki lengra en svo, að ég varð var við strauminn einan og fannst mér þó jafnan mikið um. Ég varð aldrei var við að ég „færi um geiminn“ í þessu ástandi, og því síður að ég færi „úr líkamanum“. Og það var aðeins í fyrstu draumunum af þessu tagi, sem mér þótti ég vera staddur í sama herbergi og ég svaf í. Í raun og veru er alls ekki um það að ræða að maður fari þarna úr líkamanum, heldur er um samband við draumgjafa að ræða. Enda segir María: „Ekki sá ég neitt á leiðinni“. Þetta sem hún kallar ferðalag, hygg ég að sé sú tilfinning fyrir hinum miklu vegalengdum milli draumstaðar og svefnstaðar, sem fram kemur í vitund draumgjafans. — Það er líka nógu gaman að því að byggðarlagið norðanlands, sem hún þykist þarna vera komin í, „var samt ekkert líkt því“. Þar er vissulega um sanna athugun að ræða hjá henni.

Í seinni hluta frásagnarinnar, þar sem enn segir frá því, sem verður af völdum hins mikla straums, að hún hyggst ganga út um vegginn á svefnherberginu sínu, „og staðnæmdist úti á lóðinni við hús mitt“. Í rauninni virðist þarna í draumnum vera um allt annan stað að ræða: „Himinn dökkblár og fagur“. Og þá ber hið stórkostlega fyrir hana: Frelsarinn Jesús og tvær aðrar verur sín til hvorrar handar honum og enn tvær aðrar birtast henni. Þarna er um að ræða atburð, sem gerðist á annarri stjörnu, og bar fyrir draumgjafa Maríu, en varð henni að draumi fyrir tilverknað straumsins ágæta, sem Forn-Íslendingar ráða nú fyrir og efla sem mest þeir mega til þessarar jarðar.

Þökk sé öllum þeim, sem greiddu fyrir því, að þessi frásögn komst til Lífgeisla.

P. G.

PEKKING Á GUDI

„Eins og stefnt var til sambands milli þúsunda milljóna af frumum, þannig er stefnt til sambands milli þúsunda milljóna af frumufélögum. Og veran, sem kemur fram, mun verða ótrúlega miklu merkilegri, en eðli hvers einstaks frumufélags, hvers einstaks manns, virðist gefa ástæðu til að ætla, að orðið geti“.
Hið mikla samband, bls. 108.

„Hugsum okkur að vísindamenn færu að rannsaka mannlíkamann á sama hátt og þeir rannsaka himingeiminn. Hugsum okkur eðlisfræðing með tæki til að nema hverskonar bylgjur hvaðanæva úr þessum stóra líkama, sundurgreina þær og túlka, draga þannig upp myndir af hinum einstöku líkómum, mæla af Doppler-verkun hvað færast nær og hvað frá, þannig að allar hreyfingar kæmu í ljós. Hugsum okkur ennfremur, að vísindamanninum hefði alls ekki hugkvæmzt, að þetta sem hann væri að skoða, væri lifandi. En gæti hann nokkurntíma, meðan honum sæist yfir það, að líkaminn er lifandi, komizt að réttum niðurstöðum um uppruna eðli og framtíð þessa líkama?“

Þannig byrjar grein í „*Science Digest*“, amerísku vísindafréttatímariti, sem lengi var smátt og fátæklegt, en nú er, eins og fleiri slík rit, glæsilegt að útliti og vandað að frágangi. Höfundurinn, *Gerrit Verschuur*, fer síðan að leiða rök að því að líta megi á Jörðina sem eins konar lifandi einingu, lífhvolf og lofthvolf hafa sín efnastreymi og efnabreytingar, og er margar hliðstæður hægt að benda á með frumunni og starfsemi hennar og lífeiningunni Jörð.

En *Gerrit Verschuur* lætur þar ekki staðar numið, heldur fer hann að gera því skóna að þessi lífeining sé hluti af annarri stærri, vetrarbrautarinnar — og vera má, að einhverjum, sem setið hafa fundi Nýalssinna, og haft þolinmæði til að hlusta, fari að koma þetta kunnuglega fyrir sjónir. *Gerrit Verschuur* heldur áfram og gerir vetrarbrautina að líffærum eða jafnvel lífögnum í ennþá stærri heild. „Í augum smásníkla og gerla er líkaminn sem þeir nærast á eins víðáttumikill og dularfullur og *Alheimur* er okkur mönnunum“, segir hann, og lýkur máli sínu þannig:

„Við verðum að fara að endurskoða það hvar við setjum mörkin milli hins lifandi og hins líflausa. Þau eru hvorki við hina ytri húð líkamans né við efri lög lofthvolfsins. Þau eru við endamörk alheims-

ins, ef þau eru til“. (Með þessu er sagt, að alheimur sé lifandi heild, en Nýall kennir, að alheimur *eigi að verða* lifandi heild).

Það er dálítið athyglisvert að slíkar hugmyndir skuli nú fá að koma fram í kunnum vísindaritum. Þegar við þetta bætist að í hinu sama hefti er verulegur hluti efnisins um svefn og drauma, — og meira að segja leyft sér að tala um fjarhrifadraumum — og í öðru lagi um óvænta og furðulega vitneskju úr draumum (þar eru þeir nú auðvitað enn með undirmeðvitund sína) — og í þriðja lagi eins og af tilviljun vitnað í orð Leonardós um að augað sjái skýrar í draumi en ímyndunaraflið í vöku — þá fer manni að koma í hug, hvort vera mætti, að betur færi nú að stefna í vísindum en líklegt hefði mátt þykja. Þegar farið er að fara nærri um *eðli Guðs og alheims í vísindum*, mætti vænta þess að hins betra væri á eftir von. Sennilega hafa ýmsir ímyndað sér að Nýalssinnar væru guðleysingjar í meira lagi. En sannleikurinn er sá, að Nýalssinnar eru hinir sönnu fulltrúar Guðs á jörðunni, og stilliáhrif héðan kunna að eiga þátt í því, að ýmislegt er nú hugsað nær lagi en áður.

Þegar ég fletti þessu hefti af Science Digest, sem Sveinn Haraldsson rétti að mér, og hugleiði, hvernig eins og skíma af sannindum leikur um mikið efni þess, þrátt fyrir það, að flestar undirstöður virðast rangar eða eru það, kemur mér í hug, að ekki hafi ófyrirsynju í sambandinu á Álfhólsvægi 121, verið talað um samstreymi atburða og hugsana, á ótölulegum frumlífshnöttum. Það sem vísindamönnunum hér (sumum) *kemur í hug*, er *betra* en það, sem þeim hefur kennt verið og þeir byggja á.

Þorsteinn Guðjónsson.

LAUSIR ÞANKAR

Maðurinn, þessi skyni gædda vera, hefur stundum verið nefndur kóróna sköpunarverksins, réttara væri þó ef til vill að tala um þyrnikórónu í þessu efni, svo mjög sem hugsun og hæfileiki mannsins leitar á verri veg og hefur valdið mannum sjálfum, öðrum dýrum og jafnvel hinni líflausu náttúru slíkum erfiðleikum og skaða, að ótrúlegt má þykja. Skyld er þó að geta þess að ekki er alltaf af illvilja unnið þó að illt hljótist af. Margur er sá er vinnur illt verk, en veit eigi og vill eigi, en heldur sig vinna gott verk. Fyrir slíkt hljóta menn af sumum fyrirgefningu, en af öðrum fordæmingu. Hvernig á þá hinn góðgjarni að fá tryggingu þess að þau verk sem til góðs eru ætluð snúist ekki til ills þeim er njóta? Á okkar dögum verður slík trygging fágætari en vitrun. Hvert á þá að leita og hvað má gera? Okkur er öllum gefinn viss hæfileiki til að hugsa, álykta og ákvarða, þó sökum vantrúar á eigin hæfni, ásamt ístöðuleys; gagnvart því sem nógu ákveðið er haldið fram, notis; ekki sú hugsun, ályktun eða ákvörðun sem til er. Lýðræði er það kallað þegar meirihluti ræður og er slíkt að vísu rétt og sanngjarn, en oft ná rangar og heimskulegar skoðanir meirihlutafylgi, en þá mega sín einskis beztu hugsanir. Sá sem er þá á móti fjöldanum hlýtur að vera talinn heimskur, illgjarn, ef ekki eitthvað ennþá verra. Við slíkar aðstæður hefur margur bogað, hætt að hugsa, álykta og ákvarða, ekki haft nægan styrk til að standa af sér holskeflur háðs og hleypidóma, og er slíkt að sönnu skiljanlegra en margir vilja vera láta. Þannig eru ótal einstaklingar sem lifa í sífelldum ótta við að afhjúpast og vera taldir heimskir. Til þess að fela þennan ótta, eða upphefja hann, er bá notað nærtækara ráðið, læra að tileinka sér hugsanir fjöldans, eða ennþá fremur læra að álykta á sama hátt og fjöldinn. Þetta er ef til vill sárt í fyrstu, en þegar menn finna unað þess að vera einhvers metnir af fjöldanum, slævist sársaukinn og leiðin áfram þessa braut verður auðfarnari eftir því sem lengra er fram haldið, enda fylgja þá gjarnan einhverjir gómsætir bitar og þægileg hvíld. Stundum krælir þó á hugsun eða ályktun, en slíkt verður sjaldgæfara, en þegar slíkt gerist er það oft drýgst að eiga þátt í að fordæma eða berja niður góða hugsun eða verk hjá öðrum. Það breytir engu þó að um leið sé í laumi dáðst að kjarki þess barða og hann öfundaður fyrir frumlega hugsun eða hetjulegt verk.

Þannig er þá ástand hugsunar í dag. Nú rís einhver upp og kallar þetta allt ýkjur og vitleysu, hann er auðvitað úr minnihlutanum,

en svo hlálegt sem það er, þá á minnihlutinn líka sinn meirihluta og svo koll af kolli, þannig verður vandséð og vandratað, enda hefur meiri gáfumönnum en mér orðið skreipt á skötunni þeirri, þegar kryfja skal mannshugann.

Ég hefi oft veitt fólki athygli, horft á ferðafélaga í strætisvagni, andlit við afgreiðsluborð, fólk á göngu, börn að leik. Slíkt sjónarspil hefir oft vakið undrun mína. Í þessi andlit, jafnvel barnanna, virðist skorta eðlilegan lífsvilja, andlitið er markað rúnum einhvers þrúgandi afls, örsjaldan bregður fyrir geislandi þótta hins heilbrigða dýrs. Er þetta afleiðing þess að þora ekki og mega ekki hugsa og álykta öðruvísi? Hvers vegna ná þessi andlit ekki að ljóma? Ég tel ekki falska fjöldagleði, enda þá svipur andlitanna oft þrúgaðri en í tótleika venjulegs vinnudags.

Hvað er þá til ráða? Að reyna aftur, reyna aftur að hugsa, álykta og ákvarða, bera eigin athugun saman við annars og vita hvort lakari sé eða betri. Það vekur eigin sjálfstraust, sjálfstraust sem aftur vekur getu og vilja til meiri átaka, ályktana og ákvarðana. Þar mun koma að heilbrigð æfing hugsunar veitir þann árangur að betur má hugsa og starfa. Þannig vex afl og þor og jafnframt minnkar nauðsyn þess að fela sig valdi meirihlutans, þá má búast við að sjá fleiri björt andlit og þá nýtast öll verk betur til góðs.

Haukur Sigtryggs.

HUGLEIÐINGAR

1. Hold og blóð.

Fyrir miðilsmunn er sagt: „Allar frumur líkamans senda lífgeislan (en misjafnt þó).“

Þannig eru það allar frumur líkamans, sem tengja okkur við lífið á öðrum hnöttum. Sendingin er frá frumum holds og blóðs. Orð Krists um hold og blóð verða skiljanleg. Trúaratriði verður í breyttri mynd að vísindum.

2. Einstaklingurinn.

Fyrir miðilsmunn er sagt: „Hver einstaklingur er tilraun til að skapa guðlega veru úr efnum hvers hnattar.“

Það er ekkert sagt í þessu, sem bendir til þess, að einstaklingurinn verði hluti af stærri lífheild, á sama hátt og ein fruma er í líkamanum. Einstaklingurinn þroskast í sinni mynd. Hvað manninn varðar, þá er það guðsmynd. Guðlegar verur birtast í mannsmynd.

3. Blóðkornin og vetrarbrautir.

Fyrir miðilsmunn er sagt: „Blóðkornin eru hvert um sig eins og heil vetrarbraut.“

Þannig er líking milli blóðkorna og vetrarbrauta. Í hverju blóðkorni er heill heimur. Nú mynda vetrarbrautir stærri heildir. eru þær eins og blóðkornin í stærri lífheild? Er stökk í sköpuninni úr blóðkornum í vetrarbrautir?

Gunnar Hjörvar.

GRÍMUR THOMSEN OG FRAMLÍF Á ÖÐRUM HNÖTTUM

Á fyrri hluta tuttugustu aldar munu flestir stjörnufræðingar hafa hallast að þeirri skoðun að lífið á jörðu okkar væri nær einsdæmi í öllum alheimi. Var þarna um að ræða geysilega afturför í hugsun, frá því er áður hafði verið, á nítjándu öldinni.

Nítjándu aldar skáld okkar Íslendinga voru sum hver sannfærð um að líf ætti sér stað víða á stjörnum alheimsins. Eitt þessara skálda var Grímur Thomsen (f. 1820, d. 1896) samtíðarmaður spekingsins Björns Gunnlaugssonar sem fæddur var 1788 og dáinn 1876, en hann var einn þeirra manna er tengdu lífið stjörnum himinsins.

Grímur Thomsen orti kvæðaflokkinn: *Stjörnu-Odda draumur nýrri*, þar sem vel kemur fram skoðun skáldsins á mikilleika alheimsins og íbúum annarra stjarna. Mun ég taka hér upp nokkrar tilvitnunarir úr þessu innblásna kvæði:

„Fuglinum drottinn fjaðrir gaf,
fyrirheit er það þér
að sigla þú megir himins haf
hærra en örninn fer.“

„Á Aldebaran og Óríon
yndi er að geta mætt;
guð hefði aldrei glætt þá von,
geti hún eigi rætt.“

Skáldið bindur hér framlífsvonir sínar við stjörnur himinsins, og veit, að því lengra sem skyggst er út í geiminn því fleiri stjörnur komi í ljós:

„Eilífðin sjálf er afmáluð
í eilífum stjörnuher;
enginn telur þær utan guð,
auga því dauðlegt sér,

því lengur sem það leitar, ný
ljós kveikjast himni á,
sem nýjum „vistarverum í
vors föður ríki“ spá.“

Hinar mörgu vistarverur himnanna sem biblían talar um, setur skáldið í samband við stjörnurnar. Og hann velur sér til fylgdar stjörnufræðinga síðari alda og spekinga fornaldar.

„Flýg ég af hnetti hnattar til,
hef ég þar góða fylgd,
Kepler og Newton kunna skil
á kraftarins vega snilld.“

„Með Platon, Zeno, Sókrates
í svölum geng ég lund;
svo heyri ég Aristoteles
þar einnig marga stund.“

Og skáldið skynjar samhljóm hnattanna, eða samband lífsins á hinum ýmsu hnöttum geimsins:

„Englanna hljóma hljóðin skær,
hnattanna fléttuð nið.“
„Sérstakra heima samanhald
söngurinn afmálar.“

Skáldið gerir ráð fyrir framhaldslífi dýranna, og að menn fái að njóta samvista við þau eftir að flutt er héðan:

„Skepurnar hafa hjarta og sál
hæfa til framfara.“

„Tignari skepnum tel ég víst
tilvera að búin sé.“

„Síst muntu vinar sakna þess,
sem unnir hér í heim;
ann guð þér bæði hunds og hests,
hafirðu yndi af þeim.“

Skáldið talar um samband við framliðna syni lands okkar og þá vernd sem þeir veita þjóð okkar í samvinnu við landvætti þá, sem formenn trúðu á, og sem enn eiga ítök í þjóðarsálinni:

„Forsjónin lands oft felur vörn
framliðnum sonum þeim,
fyrir sem þess voru beztu börn;
í byggðir fornar heim

landsins í þrautum leitar sveit
landvætta og heldur vörð,
og hulins undir hjálmi ég veit
þær hjálpa fósturjörð.“

„Söguhetjurnar halda enn
hendi yfir Íslands byggð;
ef aftur verða eigum menn,
áa því veldur tryggð.“

Í síðasta kafla kvæðisins ræðir skáldið um víðáttu geimsins og um fjarlægðir sólhverfa milli:

„Þótt endalaus sé eilífðin
hún endist valla til,
að öll ég sjái sólkerfin
og sólna millibil.“

Og hann gerir ráð fyrir að bráðlega muni líf á öðrum hnöttum verða uppgötvað á vísindalegan hátt og að stjörnufræðingar muni „finna skjótt fleira en þeir þjuggust við.“ Hann telur alveg víst að þar muni búa „fullkomnari og fegri menn“ heldur en við jarðarbúar þekkjum, enda sé þar um að ræða „frumborið ljóssins kyn“, og séu þeir menn því ekki upprunnir hér á jörðu:

„Stjörnufræðingar finna skjótt
fleira en þeir þjuggust við:
annarra heima ítra drótt,
æðst sólbúanna lið,
fullkomnari og fegri menn,
frumborið ljóssins kyn,
bjartara af málmí myndað en
vér moldar börnin hin.“

Skáldið gerir ráð fyrir því að „á lifandi manna löndum“ sé líf allt miklu fullkomnara en hér hjá okkur, og að við menn munum finna til smæðar okkar, er við lítum „hin sæla hóp“. Verður þá lítið úr mikillæti okkar:

„hervistar drambið frá mér fer,
eg finn, er kemur þar,
að allir vöðum villu hér,
vitrir og heimskingjar.“

„Stjörnu-Odda draumur nýrri“ er eitt af stórbrotnustu kvæðum Gríms Thomsens, og skyldu menn lesa það, með það í huga, á hvaða stigi stjörnufræðin og stjörnulíffræðin var um hans daga.

Hann hafði trú og skilning á því, að líf og framlíf væri einmitt í heimi stjarnanna, og var þessi hugsun fagur fyrirboði uppgötvana Helga Þjeturss um hið mikla samband lífsins í alheimi.

Ingvar Agnarsson.

TIL LESENDA LÍFGEISLA

Með þessu blaði Lífgeisla þökkum við öllum, sem skilvíslega hafa greitt áskriftargjald fyrir árið 1980. Gíróseðlar voru sendir út í febrúar sl. og langflestir hafa gert skil. Greiðslur hafa þó enn ekki borist frá fáeinum áskrifendum og kæmi sér vel fyrir útgáfu ritsins, ef viðkomandi sæju sér fært að inna þetta gjald af hendi, áður en á löngu líður.

Við, sem að þessari útgáfu stöndum, álitum, að hér sé verið að vinna að eflingu eins hins merkasta málefnis og treystum því á stuðning og samstöðu sem flestra.

Allur útgáfukostnaður er hár og eykst hröðum skrefum. Greiðsla árgjalda er því eitt af þeim atriðum, sem mjög mikil áhrif hefur á afkomu og útkomu ritsins.

Annar stuðningur ykkar er einnig mikilvægur: Sendið okkur *efni í blaðið*, í ríkar mæli en verið hefur. Með því stuðlið þið að betra blaði og fjölbreyttara.

Með bestu kveðjum.

F. b. ritstjórnar Lífgeisla.

Ingvar Agnarsson.

GÓÐA NÓTT

Dúnalogn er allra átta,
Allir vindar geims sig náttu,
Nú er álfa heims að hátta,
Hínstu geislar slokna skjótt,
Húmsins svarta silkiskýla
Sveipar þekjur vorra býla,
Upp er jörðin eins og hvíla
öllu búin, — Góða nótt!
Upp til hvíldar öllu búin
Er nú jörðin. Góða nótt!

Langþrekuðum lýð er kærast
Lágt að hvíla, endurnærast,
Blunda lengi vel, sem værast
vekja taugum sínum þrótt,
Yfir lofts og lagar strauma
Líta Eden sinna drauma,
Sólarbrautir svífa nauma
Sælustundu. — Góða nótt!
Svífa stutta stundu brautir
Stjarna og sólar. Góða nótt!

Tak þú svefn, í ástararma
Alla menn, sem þjást og harma,
Legg þinn væng á lukta hvarma,
Láttu öllum verða rótt,
Leyf þeim, draumur, lengi að njóta
Lífsins, sem í vöku brjóta
Skipin sín í flök og fljóta
Fram hjá öllu. — Góða nótt!
Þeim, sem fram hjá fegurð lífsins
Fara í vöku. Góða nótt!

Streym þú, himins stilling, niður,
Stattu við þú, næturfriður.
Hugur fellur fram og biður,
Funheitt andvarp lyftist hljótt.
Hætti allra sár að sviða,
Sólar verði gott að bíða,
Þurfi enginn kulda' að kvíða,
Komi sólskin. — Góða nótt!
Enginn þurfi að óttast, komi
Engill dagsins. Góða nótt!

Guttormur J. Guttormsson.

(Úr ljóðabókinni „Bóndadóttir“, Winnipeg, 1920).

ÁSTARSTJÖRNUR

Stjörnur stara
um stillta nótt
frá himinsölum háum,
hingað niður
til heimsins barna,
boðandi birtu og ást.

Frá lífstjörnum himins
lífendur bjartir
gleðigeisla senda
öllum sem unnast,
öllum sem fagna,
öllum sem þrautir þjá.

Ingvar Agnarsson.

Draumar

Enn svifið yfir Sléttumannaland. — Draumur

I.

Draumurinn.

Mér þótti ég vera staddur á flatlendi. Ég litaðist um, eins og ég vildi átta mig á umhverfinu. Var bjart yfir öllu, eða líkt og á sólarlausum degi. Allt var landið gróið lágvöxnu, en þéttu grasi og liturinn á því var fölur eða ljósgrænn, líkast því sem þarna myndi sjaldan rigna, en að einnig væri þarna sólarlítið. Þúfnaklasa sá ég á stöku stað, en annars var allt slétt. Eigi alllangt frá mér (svo sem í 50 til 100 m fjarlægð) sá ég hvar fólk sat saman, í einum þúfnaklasanum. Þótti mér þetta vera fáeinar konur og nokkrir krakkar, e. t. v. um 10 manns samtals. Fannst mér ég vita einhver deili á einni konunni, og að hún hétí Pálína.

Ég hugsaði: „Skyldi þetta fólk nokkur tíma hafa séð mann svífa?“ Og jafnframt fann ég hjá mér sterka löngun og getu til að svífa. Ég hugsaði: „Gaman væri að svífa beint í loft upp, mjög hátt.“ Svo spynti ég mér frá jörðu og sveif hratt upp í loftið. En er ég var kominn allhátt, hugsaði ég með mér, að ég ætti nú að stansa og reyna að láta fólkið sjá til mín, en hækka svo flugið aftur, eftir það. Ég hætti því við að fara hærra í bili. Þess í stað fór ég til hliðar, lárétt, þangað til ég var kominn beint upp af fólkinu, þar sem það sat.

Þá þóttist ég kalla hátt: „Pálína, Pálína“, og átti þá við konuna, sem áður er nefnd. Mér þótti hún líta upp og sjá mig, en hún leit strax niður aftur og hélt áfram að tala við hinar konurnar, eins og ekkert væri. Og aðrir í hópnum litu ekki upp.

Mér urðu þetta mikil vonbrigði, því ég hafði ætlað að gleðja þetta fólk og vekja því nokkra furðu.

Máttur minn til að svífa hærra, var nú þrotinn, en í nokkurri fjarlægð sá ég einstakan sveitabæ og þangað beindi ég svífi mínu skáhallt niður á við. Þegar ég nálgadist bæinn, fór ég að virða hann betur fyrir mér. Þetta var heldur lágreistur bær, með torfveggjum og grasi grónu þaki. Nokkur önnur smáhýsi voru þar rétt hjá, en ekki veitti ég þeim neina sérstaka athygli. Fáeinir krakkar voru að leika sér uppi á þaki hússins. Þetta voru tveir bæir sambyggðir,

tvær burstir, tvö þök samliggjandi, eins og algengt var á íslenskum sveitabæjum.

Ég nam staðar á öðru þakinu, mitt á meðal krakkanna. Og ég veitti því athygli, að þökin voru ákaflega mjúk viðkomu, eða réttara sagt grasvörðurinn á þökunum, svo að lautir eða för mynduðust eftir fætur mína. Börnin létu sér fátt um finnast, þótt ég kæmi þarna til þeirra og héldu áfram leik sínum eins og áður. Ég tók í hönd eins barnsins og sagði: „Eigum við ekki að reyna að svífa yfir á hitt þakið?“ Barnið tók því vel, en er ég reyndi að svífa þessa stuttu leið, tókst það ekki, eða varla, því við lentum neðantil á þakinu og var þetta þó mjög stutt, aðeins nokkrir metrar. Var ég heldur óánægður yfir þessu magnleysi mínu.

Draumurinn óskýrðist nú og ég vaknaði.

II.

Eftirmáli.

Draumur þessi er að sumu leyti athyglisverður. Er þá fyrst að nefna, að draumgjafi minn hefur þann mátt að geta svifið og er því án efa íbúi einhverrar stjörnu, þar sem samstilling er mikil. Trúlegt þykir mér, að hann hafi komið sem líkamnaður gestur á hnött þann, sem draumskynjun mín náði til, þótt ekki komi það beinlínis fram í draumi mínum. Hefur hann viljað sýna íbúum þessa hnattar svífkunnáttu sína, ef verða mætti til að vekja þá upp frá vanþekkingu og einhverskonar deyfðarmóki, sem þar er e. t. v. ráðandi og benda þeim þar með á, að til er líf annarsstaðar og fullkomnara en er á þeirra jörð. Tilraun hans til að glæða áhuga þeirra á slíku mistekst, því engan áhuga virðast þeir fá á honum eða athöfnum hans. Þetta leiðir svo til þess, að sambandskraftur hans dvínar, svo að hann getur ekki lengur svifið á þann hátt, sem honum hefði annars verið eðlilegt. Vegna lélegra undirtekta þeirra, sem hann heimsækir, tapar hann þannig að nokkru sambandi sínu við heimahnött sinn, svo að lífafl hans þverr um stundarsakir.

Þessi draumur minnir að nokkru á annan draum, sem mig dreymdi nýlega (6/2 1980) og sem ég kallaði „*Svifið yfir Sléttumannaland*“. Staðhættir í báðum draumum eru hliðstæðir, bæði sléttlendi, gróðurfarið og bæirnir og svo þessi sólarlausa dagsbirta og ekki síst sú deyfð og áhugaleysi íbúanna, sem einkennir báða þessa drauma.

Vel mætti ímynda sér, að hér sé um að ræða mannkyn, þar sem tækni er lítt á veg komin. Þar gætu samt verið nokkrir möguleikar á, að lengra komnir íbúar annars hnattar geti komið við heimsóknum.

Mundu þær heimsóknir geta gerst fyrir hamfarir milli þessara hnatta og væru þeir farnir að notfæra sér þessa möguleika í þeim tilgangi, að glæða áhuga þeirra, sem fyrir eru og koma þeim í skilning um, að samband eigi sér stað við önnur mannkyn á öðrum hnöttum.

Nokkuð væru þessar heimsóknir hliðstæðar þeim, sem gerst hafa og gerast enn á okkar jörð. Á meðan hér var lítil tæknimening komu hér stundum fram líkamningar í mismunandi myndum, svo sem draugar, huldufólk, englar. Og eftir að háþróuð tækni hefur rutt sér hér til rúms, hafa fljúgandi furðuhlutir verið mest áberandi og vakið mesta athygli. En þar mun vera um að ræða farartæki á öðrum hnöttum ásamt áhöfnum þeirra, sem stundum tekst að koma fram á okkar jörð sem líkamningar.

Ávallt hafa lengra komnir íbúar annarra hnatta leitast við að glæða skilning okkar jarðarbúa á sambandinu við önnur mannkyn. Hefur þar verið svo þungur róðurinn, að ekki hefur þessum gestum okkar enn tekist að koma okkur að fullu í skilning um tilvist sína, og enn síður um hin raunverulegu heimkynni sín.

Vonandi er, að brátt megi breyting verða á í þessum efnum, því fátt myndi miða meir til farsældar, en einmitt hinn rétti skilningur á sambandinu við lengra komna íbúa annarra hnatta og nauðsyninni á að efla þau sambönd.

Ingvar Agnarsson
(Dreymt 6. apríl 1980).

Fagurt útsýni. — Draumur

Mig dreymdi aðfaranótt 20. apríl 1979, að ég væri á ferðalagi í Afríku. Við vorum fjögur í bifreið og ókum eftir gömlum malarvegi og komum að gamalli brú yfir djúpt árgil. Handan við brúna var snarbrött brekka, og vegurinn upp þessa brekku holóttur. Brúin virtist léleg, og vildi bílstjórinn ekki fara þennan veg, en sagðist heldur fara nýja veginn, neðar, þar væri ný brú á ánni, en segir svo við mig: „Þið Jón getið gengið upp á hæðina ég næ ykkur“. Við Jón, sem mér virtist eldri maður, klifruðum upp brattann og þegar vð komumst upp á hæðina, opnaðist alveg dýrðlegt útsýni, miklar sléttur og stórbrotin fjallasýn í órafjarlægð. Ég hrópaði upp í mikilli hrifningu: „Ó, þú yndislega Afríka!“ Í því vaknaði ég.

Kristín Guðmundsdóttir,
Garðastræti 4.
Dreymt 20. apríl 1979.

Altarisklæðið. — Draumur

Ég þóttist stödd í mjög stóru hringlaga húsi, sem mér fannst vera kirkja. Þannig hagaði til, að altari og prédikunarstóll voru á miðju gólfi og var hús þetta fullt af þrúðbúnu fólki. Ég var stödd skammt frá prédikunarstólnum, og sá mjög fallegt klæði liggja á einum bekknum, sem fólkið sat á. Ég þóttist vita, að þetta væri altarisklæði, og sumt af fólkinu sat á klæðinu. Tók ég því klæðið og fór með það að altarinu. Rétt í þessu átti guðsþjónustan að byrja, og í því vaknaði ég.

*Kristín Guðmundsdóttir,
Garðastræti 4.
Dreymt 29. des. 1978.*

Flugvél hrapar. — Draumur

Það var aðfaranótt sumardagsins fyrsta 1980.

Ég vissi ekki hvar ég var stödd, en mér var sagt, að lítil flugvél hafi brotlent, og tveir menn, er í henni voru komist af, flugmaður og vélamaður, áður en kviknaði í vélinni. Allt í einu heyrði ég háan brest og vaknaði í því.

Draumurinn var ekki lengri. Klukkan var hálf sjö að morgni og ég skrifaði þetta niður, þegar ég vaknaði.

*Kristín Guðmundsdóttir,
Garðastræti 4.*

Fögur sýn í draumi á jólanótt

Þennan draum dreymdi mig á jólanótt 1904.

Það var venja fósturforeldra minna að gleðja heimilisfólkið um jólin. Við fósturdæturnar fengum þá kerti og spil, og oftast einhverja nýja flík. Allir fengu jólagjafirnar, þegar búið var að lesa húslesturinn og borða.

Þessi jól fékk Þórey kerti og lítil barnaspil, en ég, sem er þremur árum eldri, fékk Grettissögu. Ég varð bæði glöð og hreykin og langaði til að byrja á Grettlu þá um kvöldið, en fóstri minn sagði, að ég mætti ekki lesa þessa bók fyrr en á annan í jólum, vegna þess, að margt væri ljótt í henni, en leyfði mér að skera upp úr bókinni þá um kvöldið.

Þetta var þykk bók, og var ég ekki búin að skera upp úr henni þegar háttað var. Fékk ég því að láta loga á barnakerti, sem brætt var fast á rúmstuðulinn við höfðalag mitt á meðan ég væri að ljúka við að skera upp úr Grettlu.

Þegar því var lokið fór ég að fletta bókinni; ætlaði bara að skoða hana, en áður en varði, var ég auðvitað farin að lesa; gleymdi öllu, þangað til ég sá, að kertið var næstum útbrunnið og allir sofnaðir. Þá áttaði ég mig og skammaðist mín fyrir að hafa svikið það, sem ég lofaði pabba, og það á sjálfri jólanóttinni.

Út frá þessu sofnaði ég, og dreymdi eftirfarandi:

Ég sá allt í einu mikla birtu í baðstofunni, og í þessu ljóshafi sá ég mynd af manni, sem ég vissi að var Jesús Kristur, og af honum stafaði þessi mikla birta.

Ég horfði undrandi á þetta, en smátt og smátt dofnaði myndin, en ég glaðvaknaði. Þá var enn mikil birta í baðstofunni, en út frá þessu sofnaði ég á ný.

Þegar ég vaknaði um morguninn, sagði ég fóstura mínum frá því, sem ég hafði gert, og bað hann fyrirgefningar og sagði honum drauminn, en mér er minnisstætt það sem hann sagði við mig: „Þú átt að biðja guð að fyrirgefa þér, þetta er áminning, sem þú átt að láta þér að kenningu verða“.

Ég hef skrifað þetta eftir því sem ég best man.

Pennan draum dreymdi mig í Kambakoti í Vindhælshrepp 1904.

Kristín Guðmundsdóttir.

(Skrifað 16. maí 1980).

SÖNGURINN Á FJALLINU

Draumur John Alexanders.

„Ég er á leið upp eftir fjallaskarði og veitti athygli stúlku nokkurri, sem er að reyna að koma aðvörun til fólksins sem er á fjallinu. „Ég mun syngja ykkur söng . . .“ segir hún. En þetta eru ástarorð sem berast með fjarhrifum til allra. Hún heldur áfram tilraunum sínum, og hverfur síðan sjónum mínum, í átt til háfjallsins að mér þykir. Ég er heillaður af henni og stefni í þá átt sem hún hvarf til að leita hennar, þó að aðrir sem á fjallinu eru, stefni niður á við. Mér verður sífellt meira í mun að finna hana. Á háfjallinu kem ég að kofa nokkrum — og ung stúlka bendir mér inn í hann, þar sem ég sé hina undraverðu stúlku liggja sofandi. Mér léttir stórlega — heiminum verður bjargað.“

Þennan draum ritaði *John Alexander*, bóksöllumaður frá Englandi, eftir beiðni minni, þegar hann var hér á landi um 10. júní 1981. Fyrst minnti hann, að sig hefði dreymt þetta í Þýzkalandi, en eftir samanburð við fylgikonu sína, Laylu Andreyevu, varð það niðurstaða þeirra, að lestin hefði verið við Aureille, Suður-Frakklandi, 24. apríl 1981. J. A. bætir við:

„Mig dreymdi mjög áþekkan draum þessum þegar ég var á ferð í Afganistan árið 1972. Enda þótt sá draumur væri mjög skýr, var „merking“ hans ekki jafn auðsæ. Í þessum fyrra draumi stefndi fólkið ofan af fjalli niður í dal og hélt niður með straumharðri á í átt til hnígandi rauðrar sólar.“

P. G. Þýddi.

SVELGURINN

(Fró. af bls. 74).

Í stjörnuskrá Charles Messiers (1730—1817) var þessari þoku lýst sem tveimur stjörnulausum geimþokum, er lægju rétt hver hjá annarri. Sir John Herschel (1792—1871), lýsti þessu fyrirbæri sem kringlótttri þoku með einskonar geislabaug sem lægi allt í kringum hana í nokkurri fjarlægð, og að spölkorn frá henni væri annar bjartur hnoðri sem væri hennar fylgiþoka.

Áhugavert er að bera saman teikningarnar tvær af þessari geimþoku, sem þeir gerðu John Herschel og Rosse lávarður, og taka til samanburðar ljósmynd gerða með nýjustu tækni sem stjörnufræðin hefur yfir að ráða.

Þótt teikning Herschels sýni enga þyrillögun, þá má samt sjá þar nokkra líkingu við ljósmyndina. En um teikningu Rosse er það að segja, að þyrillögunin kemur þar mun skýrar í ljós heldur en vera ætti, samkvæmt ljósmyndinni.

Uppgötvun þyrillögunarinnar á Svelgnum var upphaf fjölmargra uppgötvana á svipaðri gerð annarra *hvíttra geimþoka* (þ. e. vetrarbrauta). Í ljós kom með fullri vissu að hér var um gjörólíka og að öllu leyti aðra gerð að ræða heldur en hinar dreifðu og formlausu þokur, sem síðar sannaðist að væru innan okkar eigin vetrarbrautar, og eru í rauninni geimský úr vetni og rykögnum, sem sumstaðar byrgja sýn til fjarlægari sólstjarna.

Því allar þyrillþokur eru fjarlæggar vetrarbrautir svo sem nú er með vissu vitað.

Ingvor Agnarsson.

Sambandsfundir

Á miðilsfundi 8. 10. 1979. Björn Gunnlaugsson

Miðill: Eggert Loftsson.

Það skiptir mestu máli að það þroskist á jörðinni vitsmunaverur sem geta komið því fyrir sig *með hugsuninni einni að fót festa sig á öðrum sólkerfum.*

Jörðin er svo lítil að hún er ekki stærri heldur en vitkjarninn úr, ef það væri hægt að komast svoleiðis að orði, *vitkjarninn úr hverju blóðkorni í manningum.* Hún er ekki stærri í alheiminum en vitkjarninn úr einu blóðkorni, sem fer kannski dautt við hvern andardrátt.

Krafturinn verður mikið meiri eftir því sem allt smækkar — allt er orðið minna heldur en frumeindir — það á að vera mikið minna en frumeindir — það á að vera svo lítið, að það geti farið með lífgeislanum í önnur sólkerfi.

— ” —

Þessi boðskapur segir, að hlutverk okkar hér sé að gera okkur hæf til að mynda svipi og líkamninga af okkur á aflsvæði mannfélaga í öðrum sólkerfum.

Einnig er verið að tala um „vitkjarnann úr hverju blóðkorni“ svo sem til undirbúnings þess að skýra hvernig þessari líkamningu verði framgengt. Menn eiga að horfa inn á við, í hið smáa, ekki síður en út á við, í hinn víða geim. Menn eiga að hugsa til þess hversu órasmátt það er, sem sambandið og líkamningin byggist á.

Fundarmaður ritaði ofanskráð upp af segulbandi eftir minni ósk, og þetta eru orð miðilsins en ekki hans. Ég hygg að þarna hafi komið fram merkilegur boðskapur sem verðskuldar athygli.

Þorsteinn Guðjónsson.

(12. júní 1980).

Á miðilsfundi 8. desember 1980

Fundinn sitja 17 manns.

Helgi Þjeturss opnar sambandið að venju:

Komið þið sæl. Beinum til ykkar orku og reynum að efla aflsvæðið og er hér reynt að tala. Það verður reynt að koma fram samböndum.

Dungal: Beinum orku til ykkar, fundarvinir, og þar á meðal

læknar íslenzkir sem þið getið reynt að verða að liði. Nefnið sjúkl-
inga.

H. P.: Hér er margt framliðið fólk komið í sambandsstöð, og margt það hefur hug á að gera vart við sig, ef hægt væri að láta gott af sér leiða, sem æskilegt væri að gæti gengið sem best.

Stefán Thorarensen, úrsmiður: Komið þið sæl. Stórkostlegir framfaramöguleikar blasa við. Ég hugleiði heimspeki í nýölskum anda. Flutningurinn á annan hnött gekk ótrúlega vel, og var tekið vinsamlega á móti mér, og þakka ég það kynnum mínum af Helga Pjeturss. Ekki brást hann lífslögmálinu og er þetta mér fullkomlega orðinn hlutur, því sjálfur hef ég reynt flutninginn og lendinguna á annarri jörð. Það mætti líkja því við að taka land á annarri strönd. Og er það merkilegt, þegar um annan hnött er að ræða. Þá er gott að hafa hugsað um eðli framlífsins. Ekki er ég ókunnugur ykkar baráttu. Ég veit hvað við er að fást. Er ég var að benda fólki á Nýalsmálefni og undirtektir við það, þá undraðist ég tregðu á því að skilja þennan sannleika um framlífssambandið á hnöttum. En meðan þetta er ekki viðurkennt sem vísindi, er þetta erfitt og mætir öflugri mótstöðu, sem ekki er gaman að lenda í. Var ég oft að hugsa um spekinga jarðarinnar og hef reynt að kynna mér hugsunargang þeirra. Þeir eru nú á misjafnri undirstöðu í lífstilverunni, og mislangt á leið komnir. Það er furðulegt og merkilegt efni. Hugsanir mannsins þroskast í áttina hægt og hægt, en ég held að óhætt sé að segja, að Nýall sé fyrsta skrefið til þekkingar á ýmsum lögmálum lífsins. Þetta vildi ég sagt hafa og er að tala um hugsun á ykkar jörð og vísindalega hugsun í senn. Er nú mín hugsun sú, að ég er að reyna að stuðla að framgangi sannleikans sem áður, og þekkingarinnar. Óhugsandi er að mannkynið eigi sér framfaramöguleika að óbreyttri stefnu. Og þetta þyrfti hin íslenska þjóð að vera betur samstillt um. Það opnast leið til stórkostlegra framfara, ef menn tileinka sér þetta á réttan hátt. Þið eruð opin fyrir orðræðum. Þá er lífgeislinn til ykkar, og ég skynja til ykkar sem sitjið þennan fund, samstillt. Langar mig að þakka öllum góðan hug á máli mínu. Veit ég og skil ýmislegt varðandi ykkur og skynja, er ég tala til ykkar, og þeir geislar eru góðir. Og ég verð var við fjölda framliðinna vina, jafnframt því sem ég finn til ykkar fundar. Ég tek þátt í björgunarleiðöngrum til ófullkominna og ömurlegra hnatta. Það eru líka margir þeir hnettir, þar sem hjálpar er þörf og eru með helstefnu-hugarfari, sem taka á sig ferlega mynd og illmenni hugsa til frá ýmsum hnöttum.

Það er veður fagurt á mínum hnetti; gróður, dýralíf og fjölbreytni

mikil. Gróðurinn líkist jörðinni, þó ber hann af henni. Hér er eingöngu borðuð jurtafæða, og neytum við hennar á líkamlegan hátt eins og þið. Efni okkar líkama er hið sama og á gamla hnettinum. Íslenzka og önnur mál eru töluð hér. Til eru hér Íslendingar, er leggja mikla rækt við mál sitt og tala hér með ágætum og rita. Nú er ég orðinn frekur á tíma. Verið sæl.

Halldór Vigfússon

(skrásetti eftir segulbandsupptöku).

Fyrir miðilsmunn

63. Ef hægt er að athuga fortíðina nógu vel, þá opnast möguleikar til framsýni furðulega merkilegrar.

1. 9. '80.

64. Það er þetta íslenska og norræna, sem mannkynið þarf að tileinka sér.

(Sjá 67) (Hákon Hlaðajarl) 1. 9. '80.

65. Fyrir mínum augum er þessi heimur óþrotlegur og sérhver einstaklingur er ævarandi hluti hans og framþróun einstaklingsins felst í andlegu afli og líkamlegu í senn. Æ meiri andans og líkamans orku ef ég má orða það svo. Þetta tekst þó aðeins, að einstaklingarnir efli hver annan á réttan hátt. (Sjá 66) (Magnús Jónsson) 18. 8. '80.

66. Alveg örugglega höfum við náð þekkingu á grundvallarlögmálum lífsins. Það er hér hugsað um lífið sem alheimskraft og þátt í heimssmíðinni, er á fyrir sér að fullkomnast þannig að ekki sé framfar þjáning og hrörnun, heldur líf í farsæld og fullkomnun lífendanna á hinum óendanlega mörgu hnöttum, óendanlega margra vetrarbrauta. Er nú þetta laust við allar kyrrstöðu trúarkennisetningar. Er ég með mörgum fleiri hér undrandi á þeim óendanlegu möguleikum sem við blasa. Því lífi sem stefnir til samstillingar í góðvild og þekkingu. Fyrir mínum augum er þessi heimur óþrotlegur og sérhver einstaklingur er ævarandi hluti hans og framþróun einstaklingsins felst í andlegu afli og líkamlegu í senn. Æ meiri andans og líkamans orku, ef ég má orða það svo. Þetta tekst þó aðeins, að einstaklingarnir efli hvern annan á réttan hátt.

(Gunnar Hjörvar ritað eftir sepuhandi) 18. 8. '80.

Lífgeislar

Útgefandi: FÉLAG NÝALSSINNA

Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík

Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT:

ERINDI OG GREINAR:

Svelgurinn (Sjá forsíðumynd). I. A.	Bls.	74
Af hverju andaheimur? Þorbjörn Ásgeirsson	—	75
Áhrifin að utan. I. A.	—	79
Samband við Helga Pjetursson. Sigurrós Jóhannsd. ...	—	80
Barbarella. Ingvar Agnarsson	—	81
Grímur hinn góði. Þorsteinn Guðjónsson	—	83
Til stjarngæslumanns. Jarðarbyggi	—	84
Sýnir og hamfarir. María Njálsdóttir	—	86
Áhrif milli líkama. — Ekki „úr líkamanum“. P. G. .	—	87
Þekking á guði. Þorsteinn Guðjónsson.	—	88
Lausir þankar. Haukur Sigtryggsson.	—	90
Hugleiðingar. Gunnar Hjörvar.	—	92
Grímur Thomsen og framlíf á öðrum hnöttum. I. A. .	—	93

LJÓÐ:

Góða nótt. G. J. Guttormsson.	—	97
Ástarstjörnur. I. A.	—	98

DRAUMAR:

Enn svifið yfir Sléttumannaland. — Draumur I. A. .	—	99
Fagurt útsýni. — Draumur. Kristín Guðmundsd. ...	—	101
Altarisklæðið. — Draumur. Kristín Guðmundsd. ...	—	102
Flugvél hrapar. — Draumur. Kristín Guðmundsd. ...	—	102
Fögur sýn í draumi á jólanótt. Kristín Guðmundsd. ...	—	102
Söngurinn á fjallinu. John Alexanders.	—	103

SAMBANDSFUNDIR:

Á miðilsfundi 8. 10. 1979.		
Björn Gunnlaugsson. P. G. ritaði.	—	105
Á miðilsfundi 8. des. 1980. (Halldór vígfússon skráði)	—	105
Fyrir miðilsmunn. (Gunnar Hjörvar ritaði).	—	107

MYR:

Úr ljóðabók Gunnars Dal: „Kastið ekki steinum“ ...	—	78
Til lesenda Lífgeisla	—	96